

# Hörgársveit

# Fréttabréf

3. árg., 16. tbl., 26. nóvember 2012

## Auglýsing um skipulag

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi jarðarinnar Skúta ásamt spildu úr jörðinni Moldhaugum. Í tillögunni er gert ráð fyrir efnistökusvæði, iðnaðarsvæði o.fl. Gert er ráð fyrir aðkomu að svæðinu frá Hringvegi.

Gerð er grein fyrir tillögunni á skipulagsuppdraetti í mælikvarðanum 1:10.000. Honum fylgja skýringaruppdráttur og skýringarmyndir.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla, frá 28. nóvember til 9. janúar 2013. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins, [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is). Athugasemdir skulu hafa borist skriflega til skrifstofu Hörgársveitar eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 9. janúar 2013. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

23. nóvember 2012

Sveitarstjórinn í Hörgársveit

## Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 1. desember nk., ef úrbætur á að gera núna í desember.

Næsta viðhaldsferð verður svo í mars. Tilkynningar um viðhaldspörf eiga að berast skrifstofu Hörgársveitar, síminn er 461 5474 eða í netfangið [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is).

## Skipulag sorphirðu

Áréttað er að samkvæmt „skipulagi sorphirðu“ er hægt að velja um tvær stærðir sorphílaða fyrir heimili. Nánari upplýsingar veitir Jón Þór Brynjarsson í s. 860 6846 eða netfanginu [jonni@horgarsveit.is](mailto:jonni@horgarsveit.is)

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

## Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

**Fundur nr. 29** 21. nóvember 2012

Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Bjarni Steinesson og Jón Þór Benediktsson.

### **1. Fundargerð heilbrigðisnefndar, 12. september 2012**

Fundargerðin er í fimm liðum, auk afgreiðslu á 22 umsóknum um starfsleyfi og þremur „öðrum málum“. Ekkert þessara atriða varða Hörgársveit með beinum hætti. Fundargerðinni fylgdi fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra fyrir árið 2013.

*Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

### **2. Fundargerð menningar- og tómstundanefndar, 23. október 2012**

Fundargerðin er í sex liðum. Þar eru gerðar tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu á styrkbeiðnum frá Verksmiðjunni á Hjalteyri og frá Heimaslóð. Aðrir liðir hennar eru um vatnsskemmdir í íþróttasal Íþróttamiðstöðvarinnar, um íbúafund um menningar- og tómstundamál og um fjárhagsramma 2013.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögur menningar- og tómstundanefndar um afgreiðslu á styrkbeiðnum frá Verksmiðjunni á Hjalteyri og frá Heimaslóð.*

### **3. Fundargerð fræðslunefndar, 25. október 2012**

Fundargerðin er í fjórum liðum. Þar er gerð tillaga til sveitarstjórnar um að óskað verði eftir viðræðum við Akureyrarbæ um lóð fyrir skólabyggingu í landi Blómsturvallu. Aðrir liðir hennar varða skýrslur um veitingu tímabundinnar leikskólavistar og veitingu námsvistar á síðasta skólaári og um fjárhagsramma 2013.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögu fræðslunefndar um viðræður við Akureyrarbæ um lóð fyrir skólabyggingu undir þeim formerkjum hvort til greina komi að setja slíka lóð á aðalskipulag sveitarfélagsins sem er vinnslu.*

### **4. Skútar/Moldhaugar, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði og efnistökusvæði í landi Skúta og Moldhauga, sjá 5. lið þessarar fundargerðar. Tillagan skiptist í skipulags-uppdrátt, greinargerð og umhverfisskýrslu. Lýsing á skipulagsverkefninu var afgreidd til kynningar af skipulags- og umhverfisnefnd 11. apríl 2012 og sú afgreiðsla síðan staðfest af sveitarstjórn 18. apríl 2012. Um er að ræða sama deiliskipulag og var til umfjöllunar hjá nefndinni 13. desember 2010 og 6. apríl 2011, en vegna ábendinga frá Skipulagsstofnun, m.a. um formgalla, var skipulagsferlið hafið að nýju. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um að fyrirleggjandi tillaga að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði og efnistökusvæði*

*í landi Skúta og Moldhauga verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**5. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 6. nóvember 2012**

Fundargerðin er í tólf liðum. Einn liður hennar, um tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði og efnistökusvæði í landi Skúta og Moldhauga, var til afgreiðslu í dagskrárliðnum hér að framan. Þar eru enn fremur gerðar tillögur til sveitarstjórnar um tillögu um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarkaupstaðar, um beiðni um að breyta skilgreindri landnotkun lóðarinnar sem Kaffi Lísu stendur á og um minkaveiðar. Aðrir liðir fundargerðarinnar varða fundargerð samráðshóps um skipulagsmál á sveitarfélagsmörkum Hörgársveitar og Akureyrar, um tillögu um breytta legu reiðleiða á Akureyri, um lýsingu á skipulagsverkefningu „Lónsbakki“, um aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024, um fund um sorphirðumál, um umsögn um tillögu að landskipulagsstefnu, um ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og um fjárhagsramma 2013.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögur skipulags- og umhverfisnefndar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrarkaupstaðar og um landnotkun lóðarinnar sem Kaffi Lísu stendur á. Sveitarstjórnin samþykkti að fresta afgreiðslu tillögu nefndarinnar um fyrirkomulag minkaveiða.*

**6. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar, 8. nóvember 2012**

Fundargerðin er í þremur liðum, um tillögur til þingsályktunar um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum og um málefni barna og ungmenna með tal- og málþroskaröskun og um fjárhagsramma 2013.

*Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.*

**7. Fundargerð atvinnumálanefndar, 14. nóvember 2012**

Fundargerðin er í þremur liðum. Þar er gerð tillaga til sveitarstjórnar um endurnýjun gildandi samstarfssamnings sveitarfélagsins við Markaðsstofu Norðurlands. Aðrir liðir hennar eru um styrkveitingar og fjárhagsramma 2013.

*Sveitarstjórn samþykkti tillögu atvinnumálanefndar um endurnýjun gildandi samstarfssamnings sveitarfélagsins við Markaðsstofu Norðurlands.*

**8. Álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2013**

Fram kom að álagningarhlutfall útsvars 2012 er 14,48%, sem er lögbundið hámark.

*Sveitarstjórn samþykkti að álagningarhlutfall útsvar á árinu 2013 verði 14,48%.*

**9. Álagningarreglur fasteignagjalda 2013**

Lögð fram drög að álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2013 svo og drög að reglum um afslátt af fasteignaskatti fyrir tekjulága elli- og

örorkulífeyrisþega, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

*Sveitarstjórn samþykkti að álagningarhlutfall fasteignaskatts á árinu 2013 skv. a-lið verði 0,40%, skv. b-lið 1,32% og skv. c-lið 1,40% af fasteignamati. Þá samþykkti sveitarstjórn að vatnsgjald vatnsveitu Hjalteyrar verði kr. 10.000 á hverja íbúð og hvert fristundahús, að sorphirðugjald heimila verði kr. 40.000, að sorphirðugjald fristundahúsa verði kr. 8.000, enda sé þjónusta þar ekki veitt á vetrum, og að sorphirðugjald vegna búrekstrar verði 60 kr. fyrir hverja sauðkind, 120 kr. fyrir hvert hross, 240 kr. fyrir hvert svín og 360 kr. fyrir hvern nautgrip. Framlögð drög að reglum um afslátt Elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti voru samþykkt af sveitarstjórn. Þær gera ráð fyrir að efstu tekjumörk afsláttar fyrir einstaklinga verði kr. 3.600.000 og fyrir samskattaða kr. 4.800.000.*

#### **10. Þelamerkurskóli, tilboð í gerð úttektar/kostnaðaráætlunar fyrir viðhald**

Lögð fram niðurstaða útboðs á gerð úttektar/kostnaðaráætlunar fyrir viðhald Þelamerkurskóla, sem fram fór skv. samþykkt sveitarstjórnar 19. september 2012. Tilboð bárust frá eftirtöldum verkfræðistofum: Mannvit ehf., Verkfræðistofa Norðurlands ehf. og Verkís ehf.

*Sveitarstjórn samþykkti að tekið verði tilboði Verkfræðistofu Norðurlands ehf., sem bauð lægsta einingaverð í gerð úttektar/kostnaðaráætlunar fyrir viðhald Þelamerkurskóla. Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að skipa eftirtalda í vinnuhóp til að ákvarða umfang úttektarinnar og hafa umsjón með henni: Axel Grettisson, Ingileif Ástvaldsdóttir og Jón Þór Brynjarsson.*

#### **11. Landssamband hestamanna, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, dags. 3. október 2012, frá Landssambandi hestamanna þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 100.000 á ári í 4 ár til að skrá reiðleiðir og gera kortasjá fyrir þær.

*Sveitarstjórn samþykkti að verða ekki við erindinu að svo stöddu.*

#### **12. Neytendasamtökin, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, dags. 19. október 2012, frá Neytendasamtökunum þar sem óskað er eftir styrkveitingu vegna ársins 2013 að fjárhæð kr. 10.512.

*Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu.*

#### **13. Landsbyggðin lífi, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, dags. 2. nóvember 2012, frá samtökunum Landsbyggðin lífi, þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 50.000 til að sinna grunnstarfsemi samtakanna.

*Sveitarstjórn samþykkti að verða ekki við erindinu.*

#### **14. Stígamót, styrkbeiðni**

Lagt fram bréf, ódags., frá Stígamótum, þar sem óskað er eftir fjárhagslegum styrk.

*Sveitarstjórn samþykkti að verða ekki við erindinu.*

**15. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2013-2016, fyrri umræða**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árin 2013-2016. Skv. tillögunni er gert ráð fyrir að árinu 2013 verði rekstrarafgangur upp á 26,2 millj. kr. og að handbært fé á árinu hækki um 17,4 millj. kr.

*Sveitarstjórn samþykkti að vísa framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun sveitarsjóðs fyrir árin 2013-2016 til síðari umræðu.*

**16. Dysnesspilda, leiga beitilands**

Lagt fram bréf, dags. 17. október 2012, frá Brynjari Finnssyni með ósk um að fá á leigu beitiland á Dysnesspildu úr landi Syðri-Bakka.

*Sveitarstjórn samþykkti að undirbúin verði auglýsing eftir tilboðum í leigu á Dysnesspildu og öðrum landspildum í eigu sveitarfélagsins til nota sumarið 2013.*

**17. Torfnæs, landskipti**

Lagður fram tölvupóstur, dags. 7. nóvember 2012, frá Haraldi Sveinbjörnssyni, þar sem þess er farið á leit að landskipti skv. framlögðum uppdrætti og skiptasamningi verði samþykkt af sveitarstjórn.

*Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti þau landskipti á Torfnesi sem lýst er í framlögðum gögnum.*

**18. Héraðsskjalasafnið á Akureyri, samþykkt**

Lögð fram drög að samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri. Fram kom að ekki er um að ræða breytingu frá þeirri samþykkt sem nú er í gildi, þ.m.t. fyrirkomulagi fjármögnuna.

*Sveitarstjórn samþykkti að staðfesta fyrir sitt leyti fyrirliggjandi drög að samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri.*

**19. Innanríkisráðuneyti, málstefna sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga**

Lagt fram bréf, dags. 21. september 2012, frá innanríkisráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum frá sveitarfélaginu um hvort og þá með hvaða hætti það hefur uppfyllt ákvæði 130. gr. sveitarstjórnarlaga um málstefnu.

*Sveitarstjórn samþykkti að veittar verði umbeðnar upplýsingar um málstefnu sveitarfélagsins.*

**20. SÁÁ, átakið „Beta mannlíf! – mannúð og réttlæti“**

Lagt fram til kynningar bréf, ódags., frá SÁÁ með ósk um stuðning við átakið „Beta mannlíf! – mannúð og réttlæti“.

**21. Fundargerðir stjórnar Eyþings, 2., 5. og 22. október 2012**

Fyrsta fundargerðin er í einum lið, önnur er í fimm liðum og sú síðasta er í ellefu liðum.

## Garnaveikibólusetning – Dýraspítalinn Lögmannshlíð

Dýralæknar á Dýraspítalanum í Lögmannshlíð taka að sér garnaveikibólusetningar og hundahreinsun.

### **Kostnaður við aðgerðina er:**

Komugjald: 4233.-

Gjald pr kind: 160.-

Gudair bóluefni 1 skammtur: 369.-

Hundahreinsitafla / 1 stk pr 10 kg hund: 474.-

Örmerking hunda og skráning í Völustall ( gagnagrunn) : 2500.-

Hundahreinsunargjald þar sem ekki eru kindur: 1950.-

(Ekki tekið gjald þar sem bólusettt er)

Akstur deilist milli bæja. Öll verð eru með vsk.

Pantið komu hjá Dýraspítalanum s. 461 2550 alla virka daga kl. 9 – 13.30

## Garnaveikibólusetning - Dýrey

Dýralæknabjónusta Eyjafjarðar ehf. sinnir garnaveikibólusetningu og hundahreinsun með svipuðum hætti og síðastliðin ár.

Til þess að halda kostnaði við verkin í lágmarki er best að bólusetja og hundahreinsa á sem flestum bæjum á hverju svæði á sama degi.

Verð hjá Dýrey fyrir garnaveikibólusetningar og hundahreinsun í Hörgársveit í haust er sem hér segir (vsk. innifalinn):

<b>Garnaveikibólusetning:</b>	2.850 kr.	komugjald pr. bæ
	180 kr.	bólusetningargjald á lamb
	369 kr.	lyfjakostnaður á lamb (nýtt bóluefni)
	200 kr.	einnota vörur
<b>Hundahreinsun:</b>	3.050 kr.	ef framkvæmd um leið og bólusetning (eitt gjald óháð fjölda hunda)
	3.700 kr.	þar sem ekki er garnaveikibólusettt (þ.e. sérstök koma)
	468 kr.	lyf pr. 10 kg hund
	2.900 kr.	örmerking og skráning pr. hund

Aksturskostnaður deilist hlutfallslega milli bæja.

Þeir sem óska eftir þjónustunni hafi samband við Dýrey í síma 461 4950.

## Ath. Sveitarsjóður tekur ekki þátt í kostnaði við garnaveikibólusetningu og hundahreinsun

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 19. desember í þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 17. desember